


Salon tónleikar

Hlíf Sigurjónsdóttir
fiðluleikari

Carl Philippe Gionet
píanóleikari



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar
sunnudaginn 2. febrúar 2025 kl. 20:00

Hlíf Sigurjónsdóttir nam fiðluleik hjá Birni Ólafssyni konsertmeistara og fór síðan vestur um haf til framhaldsnáms. Þar kynntist hún og vann með mörgum merkustu tónlistarmönnum sinnar tíðar, þar á meðal William Primrose, Zoltan Szekely, György Sebök, Rucciero Ricci og Igor Oistrach. Hlíf hefur haldið fjölda einleikstónleika og leikið með sinfóníuhljóm-sveitum og kammersveitum víða um Evrópu, í Bandaríkjunum og Kanada.

Hlíf hefur leikið allar sönötur og partítur fyrir einleiksfiðlu eftir J.S. Bach, meðal annars inn á geisladiska sem hlotið hafa mikið lof, og haustið 2014 kom út geisladiskurinn *DIALOGUS* þar sem hún flutti eingöngu einleiksverk fyrir fiðlu, sem samin hafa verið fyrir hana. Maria Nockin, gagnrýnandi Fanfare Magazine, tilnefndi þann disk „CD of the year 2015“.

Hlíf er annt um íslenska menningu og sögu klassískrar tónlistar á Íslandi og sá til dæmis um útgáfu geisladisks 2020 með upptökum af fiðluleik Björns Ólafssonar úr fórum RÚV. Einnig hefur hún staðið fyrir tónleikum þar sem leiknar voru gamlar sögulegar upptökur sem voru að hennar undirlagi yfirfærðar á varanlegt form og hljóðhreinsaðar.

Carl Philippe Gionet er eftirsóttur einleikari og meðleikari, en ekki síður sem leiðbeinandi og kennari víða um Kanada og Evrópu. Hann lauk doktorsprófi í píanóleik við Université de Montréal undir leiðsögn Paul Stewart og hefur hlotið sérhæfða þjálfun í meðleik í Austurríki og Englandi. Hann hefur lagt sig sérstaklega eftir menningararfleifð Akadíaana og árið 2013 stofnaði hann Musique sur mer en Acadie sem helgar sig miðlun klassískrar tónlistar meðal franska minnihlutans í Kanada. Síðan 2014 hefur hann verið leiðbeinandi við Breno Italy International Music Academy og Centre for Opera Studies and Appreciation í Kanada.

Efnisskrá

Fritz Kreisler 1875–1962	<i>Preludio og Allegro í stíl Pugnani</i> <i>Liebesfreud</i> <i>Liebesleid</i>
Edward Elgar 1857–1934	<i>Salut d'Amour – Liebesgruß</i> ópus 12
Niccolò Paganini 1782–1840	<i>Cantabile</i> í D dúr
Arcangelo Corelli 1653–1713	<i>Adagio</i> í F dúr í útsetningu Adolf Busch
Maria-Theresia von Paradis 1759–1824	<i>Sicilienne</i>
Fritz Kreisler	<i>Variationen über ein Thema von Corelli</i> <i>Schön Rosmarine</i> <i>Melodie (Gluck)</i>
Pórarinn Jónsson 1900–1974	<i>Húmoreska</i>
Pórarinn Guðmundsson 1896–1979	<i>Pú ert</i>
Camille Saint-Saëns 1835–1921	<i>Introduction et Rondo Capriccioso</i>

Auk tónlistarinnar stundar Carl bæði myndlist og ritsmíðar. Hann hefur haldið sýningar á verkum sínum beggja vegna Atlantshafsins og í haust sem leið sýndi hann verk sín í Listasafni Sigurjóns undir nafninu *Laugarneshughrif*. Fyrir bók sína *Icare (Icarus)*, sem hann einnig myndskreytti, hlaut hann tilnefningu til Kanadísku Prix Antonine-Maillet - Acadie Vie verðlaunanna.

Hlíf og Carl hafa leikið saman á tónleikum í áratug, hér á landi, í Kanada og Sviss. Þriðjudagskvöldið 4. febrúar halda þau aðra tónleika í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar og þá með klassíska efnisskrá: *Sónötu* í B dúr KV 454 eftir W.A. Mozart, *Sónötu* í c moll eftir Edvard Grieg og *Fratres* eftir eistneska tónskáldið Arvo Pärt sem verður níræður síðar á þessu ári.

Kaffistofa safnsins er opin eftir tónleikana
The Museum café is open after the concert